

69. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 10. júní 2010 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Hilma Steinarsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu og Agnar Jónsson.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að bæta á dagskrá sem lið 4, fundargerð USB dags. 10. júní og skýrsla sveitarstjóra verður þá liður 5. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 20. maí 2010.

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð Nausts dags. 28. maí 2010.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

3. Fundargerð hafnarnefndar Langanesbyggðar dags. 4. júní 2010.

Í lið eitt í fundargerðinni var farið yfir þau tilboð sem bárust í þekjuna og var samþykkt að taka lágsta tilboðinu frá Almennu umhverfisþjónustunni ehf., Grundarfirði, að upphæð kr. 29.976.900,- Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

Samþykkt samhljóða.

Í lið tvö er lagður fram viðaukasamningur um raflagnir við Raftó ehf., að upphæð kr. 7.713.685,- Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða í heild sinni.

4. Fundargerð USB dags. 10 júní 2010.

Sigurður Ragnar vakti athygli fundarmanna á vanhæfi sínu til að fjalla um fundargerð USB. Samþykkt samhljóða að Sigurður viki af fundi undir þessum lið.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Sigurður kominn aftur á fundinn.

5. Skýrsla sveitarstjóra.

- Sveitarstjóri fór yfir að þann 27. maí sl. voru opnuð tilboð í sorphirðu Langanesbyggðar. Tvö tilboð bárust í samninginn sem er til fimm ára, Sel sf. kr. 142.916.630,- og Íslenska gámafélagið ehf. kr. 74.740.000,- Sveitarstjóri leggur til að báðum tilboðunum verði hafnað. Sveitarstjóri sagði frá að hann hafi átt í viðræðum við ÍG og leggur hann til að gengið verði til samninga við ÍG á nýjum forsendum sem er samningur dagsettur 10. Júní 2010, til 5 ára að upphæð kr. 40.942.500,- Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri gangi frá samningi við Íslenska gámafélagið ehf.
- Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

6. Erindi frá sýslumanninum á Húsavík dags. 1. júní 2010

Í erindinu óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar frá Ytra Lóni um breytingu á rekstrarleyfi :

„Efni : Breytingar á rekstrarleyfi.

Mirjam Blekkenhorst, kt. 101066-2239, Ytra-Lóni, 681 Þórshöfn, Langanesbyggð, sækir hér um sem forsvarsmáður fyrir Ytra-Lón ehf. kt. 500909-0560 viðbót við rekstrarleyfi heimagistinu að Ytra-Lóni sem gefið var út þann 05.07.2007 og gildir til 05.07.2011, viðbóttin er 9x30m² íbúðir undir einu þaki og veitingastofa í öðru húsi auk þess sem þar eru 2-3 herbergi, sækir Mirjam jafnframt um áfengisveitingar. Sjá umsókn.

Yrði þetta allt í einum pakka: Rekstrarleyfi/gististaður : flokkur V.

Heiti gististaðar: Farfuglaheimili Ytra-Lón.“

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir samhljóða umsóknina um breytingar á rekstrarleyfi.

7. Ársreikningur Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi ehf., fyrir 2009

Lagt fram til kynningar.

„ Sveitarstjóra falið að koma á framfæri við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, óánægju sem borist hefur til sveitarstjórnar frá ferðamálaaðilum á svæðinu á ófullnægjandi kynningu okkar svæðis á heimasíðu Markaðsstofunnar. Sveitarstjórn leggur til að samningur Langanesbyggðar við Markaðsstofuna verði endurskoðaður.“

Samþykkt samhljóða.

Oddviti þakkar sveitarstjórn samstarf síðustu 4 árin og óskar öllum góðs gengis í framtíðinni.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19:58